



Borgarbókasafnið 2021

Skrifstofan:
Gleðin í því smáa

Skrifstofan: Gleðin í því smáa

© Höfundar efnis 2021

Ritstjórn: Sunna Dís Másdóttir

Höfundar eru þátttakendur á námskeiðinu
Gleðin í því smáa. Námskeiðið var haldið á
Skrifstofunni, Borgarbókasafninu Kringlunni,
haustið 2020.

Leiðbeinandi var Sunna Dís Másdóttir.

Kápa og umbrot: Droplaug Benediktsdóttir

Borgarbókasafnið 2021.

Inngangur ritstjóra

Textarnir sem hér fara á eftir eru allir ritaðir á ritlistarnámskeiðinu *Gleðin í því smáa* sem fram fór á Skrifstofunni, Borgarbókasafninu í Kringlunni, á haustmánuðum 2020. Hér var leikgleðinni og skrifagleðinni stefnt gegn grýlunni sem markaði allt líf okkar þetta misserið; veirunni sem gerði okkur raunar ókleift að hittast nema í netheimum þegar leið á námskeiðið. Það er einlæg von mín að æfingarnar, upplestrarnir og textarnir sem við rýndum og stúderuðum saman hafi veitt þátttakendum jafn innilega ánægju og mér og reynst vítamínsprauta á erfiðum tímum.

Þátttakendum, höfundum þeirra texta sem hér fara á eftir, þakka ég kærlega fyrir samfylgdina, traustið og hugrekkið. Lesendum býð ég að njóta hér afrakstursins.

Sunna Dís Másdóttir, leiðbeinandi.

Augasteinn

Gamla konan klæddi sig í kápuna, tók tauminn af snaganum eins og venjulega og sagði: Jæja, við skulum fara út í göngutúr, elskan mín.

Bella var augasteinninn hennar. Þær stigu út en stöldruðu aðeins við undir trjánnum sem grúfðu sig yfir gamla timburhúsið hennar Veru, svona augnablik, rétt til að finna styrkinn í vindinum og svalann í deginum. Bella teygði trýnið út í loftið og leit svo hvetjandi á gömlu konuna eins og alltaf áður en þær lögðu af stað í gönguferð.

Vera fylgdist með tókinni þefa af þúfum, merkja sér svæði og gramsa í haustlaufinu á skógarstígnum þar sem þær höfðu gengið saman síðastliðin tíu ár, allt frá því hún kom inn í líf hennar. Alltaf sama hringinn á heiðinni þar sem lágvaxinn birkiskógurinn óx. Bella var henni allt. Hún var sú eina.

Gamla konan nam staðar, teygði höfuðið móti haustsólinni í vestri og andaði djúpt að sér fersku loftinu með luktum augum.

Bella var von að standa eins og stytta, horfa forvitnum augum á fóstru sína og bíða þess hvað hún gerði næst eins og húsbóndahollir hundar gera. Á milli þeirra var sterk taug, leynipráður, líkt og þær læsu hugsanir hvor annarrar; ein brosvipra í átt að eldhúsinu og þá stökk hún af stað; auggota þangað sem hún var von að geyma harðfiskinn og Bella var þotin. Og aldrei neinar skammir.

Á göngunni hugleiddi Vera lífið sem virtist alltaf æða fram úr henni í þúsund gulum litum. Nýfallin lafin liðu með hægum blænum framúr þeim á göngunni í sólarátt í fögru septemberloftinu.

Hennar tími færi brátt að koma til að kveðja, hugsaði Vera með sér. Lífið er stutt augnablik í eilífðinni. Í stutta stund hér á jörðu njótum við hvors annars, og lífsins saman, en sú næsta er kveðjustund. Tíminn, já tíminn, líður svo hratt. En hérna á heiðinni staðnæmist hann í augnablik, í fegurðinni og þránni eftir minningum liðinna stunda. Dauðinn er fallegur á litinn, hugsaði Vera og horfði fjarlægum augum á eftir Bellu sinni vappa um innan minninganna og nýfallin lafin. Lífið er árstíðir.

- Áfram gakk, sagði Vera hljóðlátlega og saman komu þær að staðnum sem Bella var von að stoppa við og svala þorstanum úr holunni í miðju steinsins. - Það er regnvatn, sagði Vera þar sem hún fylgdist með henni leþja dögginu upp. Augasteinninn minn, hugsaði hún með sér eða var þetta tilfinning sprottin úr hjarta hennar, talar hjartað svona, velti hún fyrir sér og gekk áfram stíginn milli trjánna. Vera staðnæmdist við þúfuna með lífvana tauminn í hendinni og leit niður á spýtuna sem á var grafið: Hérna hvílir beinin mín ástkæra Bella.

Arfur

engin veit
hvað aðrir hafa átt
fyrir en að flokkun liðinni

blaðauklippur
lykt af mannsævi
og stöku bréf

þetta er nákvæmnisverk
fyrir mjúka fingur
og langa þögn

Höfuðáttirnar

Ég er fimm ára síðan í vor og þekki áttirnar. Sólin kemur upp í austrinu og sest í vestrinu. Svo er suður og norður líka en ekki eins mikilvægar áttir. Mamma fór í austur í sólarátt, austur á firði þar sem sólin kemur upp. Ég veit hvar ég er, en ætli mamma þekki áttirnar þegar hún er komin austur til sólarinnar og rati til baka heim að sækja mig?

Ég fór ekki austur á firði með mömmu. Elstu og yngstu börnin fóru með henni. Ég og tvö systkini mín urðum eftir í sveitinni okkar. Pabbi dó og þá varð að koma okkur fyrir hjá ættingjum og vinum. Allt sumarið áður en mamma fór hélt ég mig nálægt henni, hélt laust í pilsíð svo hún tæki ekki eftir því, nuddaði nefinu að pilsinu og dró djúpt að mér andann. Ég fann að eitthvað var í vændum. Eitthvað annað en dauðinn, eitthvað skelfilegra en dauðinn. Dauðinn var nú ekkert svo voðalegur þegar mamma lifir. Það var kaffi og sætabrauð þegar þau komu aftur úr kirkjunni og höfðu þá skilið kistuna eftir þar. Pilsíð var þungt og svart og af því lykt sem sat í nefinu og minni mínu lengi eftir að hún fór.

Þegar ég varð stálpuð var ég alltaf mjög veik fyrir svörtu efni og lærði fljótt að sauma og vildi þá helst sauma úr svörtu. Best fannst mér þegar áferðin var sú sama og á pilsinu hennar mömmu. Eins og sólin, himinninn, grasið, jökullinn og blómin bera nú fallega liti, þá var svartur minn litur. Mamma var farin, sveitin varð eftir og varð mín móðir, ég varð mín eigin móðir. Ég var aldrei sótt. Það var grasið, vindurinn og rokið, regnið og sólin sem faðmaði mig, tuskaði mig til, baðaði mig og þerraði tárin sem hættu smátt og smátt að renna. Ég fór meira að snúa mér í vestur, horfa á sólina setjast og gylla jökulinn. Hugga mig með augunum. Þegar hún fór horfði ég niður sem er engin átt heldur.

Eftir að ég fullorðnaðist og gifti mig sneru bæjardyrnar í austur og það var dagleg áminning þess að ég var skilin eftir. Síðar fluttum við og var það mér nokkur huggun að bæjardyrnar sneru í vestur og bæjarhóllinn skyggði á austrið.

*

Undanfarna daga þarf ég oft að strjúka niður eftir pilsinu, það eru einhver þyngsli í pilsinu, eitthvað sem fer ekki, þungt en svo létt, eins og fingraför eftir litla fingur og lófa. Fingraför sem fylgja mér og mást aldrei af þessu pils. Börnin mín eru mörg og öllum ann ég hugástum. Hvert þeirra tek ég með mér, hvert ekki? Sveitungar mínir eru tilbúnir að taka eitthvað af börnunum að sér. Þú sækir litlu greyin þegar um hægist og þú ert búin að koma þér vel fyrir. Segja sumir. Þau taka til við að móta hugsunina og að skipuleggja þetta fyrir mig. Öll af vilja gerð. Verða þau að vera matvinnungar til að verða eftir? Já, fullorðnu

Samtalið

séð um sig sjálf og unnið fyrir sér. Yngstu börnin geta ekki nema fylgt mér, það er ljóst. Hafa þau sem eftir verða, það sem til þarf? Hafa þau þolgæði og þrautseigju sem þarf, þrjúskuna? Þau yngstu, eitt á handlegg, annað tveggja ára og það þriðja alvarlega fatlað. Þessi þrjú fylgja mér.

Í sveitinni er nóg af börnum á handlegg. Þá eru þrjú það sem ég verð að fórnna. Hvernig gat þetta gerst, ég var ekki undir þetta búin, ekkja, öll þessi börn og öll lifðu þau, líka fatlaða barnið okkar. Maðurinn minn, faðir allra þessara barna var 14 árum eldri en ég, dáinn, horfinn.

Ég er 35 ára og ætlaði mér að skrifa ljóð og sögur þegar um hægðist. En þetta var örlagavegurinn, bugðóttur og brattur. Ég varð svo ástfangin af manninum mínum og elskaði hann svo heitt alveg fram á seinasta dag. Við áttum börnin og ljóðin sem við ortum hvort til annars. Elskuðum börnin og ljóðin. Ljóðin tók ég með mér.

Ég sótti börnin aldrei. Það var of erfitt. Elsku litlu þaðin mín sem ég fórnaði. Þegar ég svo hitti þau aftur var ég ekki lengur móðir þeirra, þau ekki lengur börnin mín. Ég hafði látið þau frá mér. Barnalánið var uppgreitt, vextirnir himinháir.

Lárus beið að venju við póstkassann úti á vegi í þann mund sem póstbíllinn birtist á hæðinni í fjarska. Í þetta sinn hafði hann beiðið í það minnsta í hálf tíma. Hann vildi ekki taka áhættuna á því að bíllinn væri fyrr á ferðinni. Honum fannst nefnilega best að taka við póstinum úr hendi póstmannsins. Það var eitthvað persónulegra. Samt voru samskipti þeirra aldrei meiri en nokkur kurteisleg orð og yfirleitt alltaf þau sömu.

Í þetta sinn voru bréfin þrjú. Hann gekk inn í húsið sem hafði verið heimili hans í yfir fjörutíu ár og fór vandlega í gegnum póstin. Eitt bréfanna var með handskrifuðu nafni hans og heimilisfangi og á því voru tvö frímerki. Það gladdi hann. Ekki af því að hann safnaði frímerkjum, hann var löngu hættur að safna frímerkjum. Nei, það gladdi hann því einhver hafði skrifað nafnið hans með eigin hendi og þá mögulega hugsað eitthvað til hans í leiðinni.

Hann hafði alltaf átt erfitt með samskipti. En aldrei meira en þegar Birta kom inn í líf hans einn ágústmánuð fyrir mörgum árum. Þau horfðu saman á stjörnuþjartan himininn. Svo var hún farin.

Hann settist í eina stólinn sem ennþá stóð í stofunni, að öðru leyti var stofan tóm. Bréfunum hafði hann þegar hent í ruslið. Nema þessu eina sem hann kom fyrir í brjóstvasanum. Veggirnir gláptu æpandi hvítir á hann úr öllum áttum. Hann kaus að taka ekki eftir því að þeir voru farnir að gulna og málingin að flagna. Hann sat í safni einmanaleikans.

Mínútur liðu. Lárus stóð upp, greip eldspýtustokk af eldhúsborðinu og gekk út í hlöðu. Hann opnaði stóru vængjahurðina og leit örsnöggt yfir safnið sitt. Veggirnir þaktir frímerkjabókum æsku hans, unglingsáranna og fullorðinsáranna. Þarna kenndi ýmissa grasa. Fuglar, blóm, þjóðhöfðingjar, það elsta frá 1902 af Kristjáni IX, atvinnuvegir og samgöngutæki eins og flugvélar, bílar og brýr. Og þarna lá tómur brúsinn. Hann gekk ekki inn. Hann tók eitt skref afturábak og kastaði logandi eldspýtu inn í safn minninganna.

Á morgun átti hann fund við nýja framtíð. Póstbíllinn myndi fara fram hjá þann daginn og alla daga eftir það. Í staðinn kæmi sonur hans að sækja hann, sá sem bjó hinum megin á hnettinum og hann hafði aldrei séð. Það var ekki útilokað að hann væri með grænu augun móður sinnar. Nú var um að gera að vanda sig. Eflaust hefði hann engan áhuga á Kristjáni IX svo hann ætlaði að byrja á því að ræða við hann um lóuna.

Heimkoman

Ég hef farið út í göngutúr nær daglega í Kófinu. Ég geng alltaf sama hringinn kringum Rauðavatnið, það er rúmlega klukkustundar gangur, ég kem iðulega endurnærð af göngunni. Leiðin er mjög falleg og fjölbreytileg eftir veðri, birtu og árstíðum og gaman að fylgjast með náttúrunni og sjá hvernig hún breytist. Þetta er aldrei tilbreytingarlaust heldur bæði gefandi og skemmtilegt.

Á dögnum fór ég í göngu sem oftast og klæddi mig vel því vindurinn gnauðaði fyrir utan. Maðurinn minn horfði undrandi á mig og sagði: „Þú ætlar þó ekki að fara í göngutúr í þessu veðri, það spáði suðaustan rigningu með miklu hvassviðri?“ Þvergirðingnum sem ég er fannst það nú í góðu lagi og sagðist búa mig vel og með það hélt ég í hann. Ég var ekki komin langt þegar fóru að renna á mig tvær grímur og ég hugsaði með mér að þetta hefði verið frumhlaup af minni hálfu að álpast út í óveðrið, en áfram hélt ég.

Ég var ekki búin að segja frá því að ferðafélagi minn í þessum ferðum er síminn og þar er ég gjarnan að hlusta á skáldsögur eða ýmislegt annað áhugavert. Það var ekki frábrugðið í þetta sinn, ég var að hlusta á Sjálfstætt fólk eftir Halldór Kiljan Laxness í flutningi Arnars Jónssonar leikara.

Þar var komið lestrinum að Bjartur í Sumarhúsum er að ferðbúast hálfum mánuði eftir veturnætur til að leita að Gullbrá, gimbrinni sem hvarf sporlaust, en hann alls óvitandi um að búin var að éta hana og grafa að hluta. Þar sem hann er á heiðum öræfanna blés vindurinn glatt við Rauðavatn. Ég hugsaði með mér að það væri gott að ég hafði lambhúshettuna sem skorðaði gleraugun því annars hefðu þau fokið af mér. Þegar ég var komin norðanmegin vatnsins var orðið svo bálhvasst að ég stóð nánast lárétt móti vindinum og sneri mér hvað eftir annað við því ég hafði vindinn í fangið, þá var Bjartur kominn á hrokbullandi sund á hreindýrskálfi yfir Jökulsá á Heiði. Áfram hélt ég í beljandi rigningunni með storminn í fangið. Bjartur gróf sig í fönn austan megin ár stökkfreðinn og blautur og fór með rímnakveðskap, rímur kunni ég engar og áfram þrælaðist ég gegn landsynningnum.

Heim komst ég eins og Bjartur enda ferðalögum okkar varla saman að jafna. Við hans heimkomu beið látin eiginkona og nýfætt stúlkubarn undir lúsugri tík. Við heimkomu mína var ég eins og hundur af sundi dregin. Mér mætti hlýtt og notalegt húsnæði og áhyggjufullur eiginmaður en bráðlifandi.

Það fyrsta sem Bjartur sagði við heimkomuna eftir að hafa skriðið upp á bæinn og rótað snjónum frá glugganum var: „Rósa, reyndu að skjóta til mín skóflublaði út um bæjardyrnar.“ Ég sagði: „Æ elskan, mikið er ég fegin að vera komin heim.“

Elstur

Ég opna augun. Það er kalt. Ég horfi inn í eldhús og sé mömmu sitja við eldhúsborðið fyrir framan eldavélina. Hún hitar vatn. Mér til fóta liggur bróðir minn og í mömmu bóli systir mín. Pabbi er ekki hér. Hann er farinn fyrir löngu. Mamma drekkur kaffið sitt og yljar lófana á heitri krúsinni. Hún heldur að ég sofi. Ég sé að hún grætur. Skyldi það vera mér að kenna? Nú klæðir mamma sig í kápuna sína. Hún þarf að fara að skúra á spítalanum þó það sé laugardagur. Hún horfir í áttina til mín og ég kinka kolli. Ég sé að hún er með bauga undir augunum. Ég þarf að gæta systkina minna. Ég er orðinn stór strákur. Er elsti karlmaðurinn á heimilinu. Fimm ára síðan í nóvember. Bróðir minn og systir eiga bæði afmæli í janúar. Þá verður bróðir minn fjögurra ára og systir mín þriggja ára. Ég á að passa að þau fari ekki út og leiki sér á götunni. En stundum langar mig út.

Í síðustu viku var svo mikill snjór. Við fórum út að leika og þá bauð Steini okkur inn í bílskúr. En þá slasaðist systir mín. Bílskúrshurðin skall á höfuð hennar. Hún sér næstum ekkert með augunum sínum núna. Mamma segir að það sé mér að kenna. Ég átti að passa systur mína.

Ég skelf undir sænginni. Ég er fljótur í fötin svo ég frjósi ekki. Mamma hefur lagt þau á koll fyrir framan eldavélina til að hita þau. Ég helli kaffi í krúsina mína og nóg af mjólk út í. Tek mola úr sykurlarinu og bleyti hann í kaffinu. Sýg kaffið úr honum á milli tannanna. Opna svo lúguna á eldavélinni og stari inn í logana. Eldurinn minnir mig á það sem gerðist síðasta sunnudag þegar mamma hvíldi sig inni í svefnherbergi. Þá hafði Munda systir fundið eldspýturnar og farið inn í eldhús og kveikt í öðrum gardínuvængnum. Ég öskraði á mömmu sem kom hlaupandi. Svefntrukkin reif hún hinn gardínuvænginn niður og vafði honum utan um eldhafið og henti öllu saman í vaskinn. Svo fór hún aftur inn að sofa. Mamma hvílir sig á sunnudögum. Hún vinnur svo mikið. Stundum í fiski en annars á spítalanum. Hún er alltaf þreytt þegar hún er heima.

Ég loka eldavélinni. Mér er orðið hlýtt.

Það búa margir í hverfinu okkar og ég á marga vini. Við erum kallaðir Kamparar af því að við búum í Kamp Knox. Húsin eru öll eins og eru kallaðir braggar. Þau líta út eins og hálfar tunnur sem liggja á hlið og eru klædd bárujárn. Það voru hermenn sem byggðu braggana í stríðinu. Mamma segir að ég sé fæddur í bragganum okkar. Ég fæddist 8 vikum fyrir tímann og var svo lítill að ég passaði í skókassa.

Mamma segir að það sé best að litlu krakkarnir sofi lengi á laugardögum. Þá hafi ég tíma út af fyrir mig. Ég stend upp af kollinum og tipla hratt á tánum inn í stofu. Á litlu borði í einu horni hennar stendur jólatréð sem Ingveldur frænka

gaf okkur. Hvít ljósín á því eru svo falleg. Eins og litlar tindrandi stjörnur þegar maður þírir augun. Tréð er búið til úr spýtum sem settar eru saman. Mamma saumaði lítil, rauð hjörtu og hengdi á greinarnar. Við fengum líka pakka frá Ingvaldi. Hún er svo góð við okkur. Pakkarnir eru undir trénu. Mig langar að kíkja inn í minn en man svo svipinn á mömmu þegar hún sagði að það megi bara opna á jólonum. Ég tek samt pakkann upp og hristi hann. Það hringlar í honum. Ég strýk hendinni yfir fallegan, glansandi pappírinn.

Ég horfi út um stofugluggann yfir að Skálholti, en það er fína húsið kallað sem stendur hinum megin götunnar. Það er eins og ævintýrahöll á skýi. Snjór á þaki þess og allt um kring. Ég hlakka til þegar mamma kemur heim úr vinnunni. Þá ætla ég út að leika við vini mína. Kannski teikum við bíl að Melabúðinni og stelum þar súkkulaði og tyggjópökkum. Ég ætla samt ekki að stela sígarettum aftur. Mamma fann pakkann sem við Sigggi stálum um daginn. Hún lét mig reykja allar sígarettur svo ég gubbaði. Ég ætla aldrei að reykja aftur.

Gulli og Munda eru vögnuð. Ég segi þeim að klæða sig. Ég hjálpa Mundu því hún sér svo illa. Mamma segir að hún þurfi að fá gleraugu. Ég smyr brauðsneiðar fyrir okkur og helli mjólk í glös. Við sitjum við litla eldhúsbordið og ég virði fyrir mér litlu systkini mín. Eftir morgunverðinn leikum við okkur í stofunni. Ég tefli á skákborðinu sem Ingvaldur frænka gaf mér, Gulli bróðir leikur sér að tindátunum sínum og Munda systir svæfir dúkkuna sína í trévagninum hennar. Ég ætla að gæta þeirra vel. Og reyna að vera góður strákur.

Ragnheiður

Mikið var spennandi tækifæri fyrir mig að fá að skoða mig um í óskiljanlegum hugarheimi elstu systur minnar, Ragnheiðar. Hún rumskaði aðeins þegar ég liðaðist eins og reykur í gegnum augnkrókinn og inn í höfuð hennar, hún fann smá kitl eins og eftir fjöður en vaknaði ekki.

Magnað að komast þarna inn í troðfull mjúk rýmin án mikilla vandræða. Átta mig á því að heili systur minnar hefur margar vistarverur. Það sem hún Ragnheiður systir fær á heilann stendur sjaldan stutt við.

Ég kom mér vel fyrir og blaðaði í minningum rétt eins og ég væri að skoða myndaalbúm frá fyrri tíð. Ég fletti ögn í upplausn í leit að sérstaklega afdrifariku kvöldi, það var kvöldið fyrir átta ára afmælisdaginn minn. Eftir þau tímamót breyttist samband okkar Ragnheiðar; hún varð fáskiptin og fámál. Ég stóð lengi í þeirri trú að henni væri sérstaklega illa við átta ára. En annað kom í ljós þegar ég skoðaði atburði kvöldsins.

Hún skrákróma í þannig pati að tyggjólötur tvær nánast hrökkva ofan í kokið á henni: Elsku mamma má hún ekki gista hjá ömmu í kvöld? Þú veist hversu mikil leiðindaskjóða hún getur verið (hér á hún við mig). Við vinkonurnar ætlum að vera svo duglegar að læra í kvöld.

Þetta er reyndar helber lygi

Áfram suðar hún: Gerðu það mamma gerðu það!

Nei, hún situr uppi með mig og er ekkert óhóflega kát. Við systur horfum undir iljarnar á mömmu þegar hún hendist út um dyrnar. Ég er kát, Ragnheiður súr.

Ég man hve dáleidd ég horfði á mömmu setja upp andlitið áður en hún fór til vinnu. Hverning hún varalitaði sig, alltaf með sömu snöggu vélrænu hreyfingunum. Hvernig hún nuddaði saman vörunum sem endaði með háum smellum. Ég veit ekki af hverju þessi athöfn mömmu minnti mig alltaf á það hvernig hún skrældi kartöflur. Það gerði hún af mikilli snilld, fljót og fumlauð svo small í þegar þær lentu í stálskálinni, óaðfínanlega skrældar. Heyrði þessa háu smelli alls staðar, alla mína litríku bernsku.

Mamma vann á öldurhúsum borgarinnar. Sama á hverju gekk og þó heimilið liti út eins og eftir Örlygsstaðabardagann lét hún það ekki slá sig út af laginu og áfram fór hún í vinnuna, með bros á fagurlega lituðum vörunum.

En aftur að kvöldinu afdrifaríka. Ég ligg á gægjum og heyrri Ragnheiði segja: Stelpur ekki færa glasið!

Hún opnar hurðina á nefið á mér og segir sykursætri röddu: Stína mín ... ef

Þú ferð að sofa skal ég leyfa þér að búa til karmellur í fyrramálið ... Ha? Komdu sæta mín þú ert uppáhalds ... komdu, vinkonur mínar bíða eftir mér við þurfum að fara að læra.

Sure kiddo!

Ég þykist bíta á agnið og systir mín dregur mig beint í bólið. Ég ligg kyrr þar óþreyjufull í stutta stund sem ætlar aldrei að líða. Læðist létt á tá fram á gang, legg eyrað við hurðina og gægist annað slagið í gegnum skráargatið. Þarna er eitthvað virkilega spennandi að fara að gerast.

Ég sé glitta í Ragnheiði. Hún ávarpar borðið hátíðlega og segir: Er andi í glasinu? Grípur síðan blýant og blað og skrifar af miklu kappi. Glasið þeytist milli stafanna sem skrifaðir eru í hring á stóra brúna örk sem límd er á borðið.

Eftir atganginn segir hún, frekar snúðug: Ég held að langa, langa, langamma mín, Ragnheiður, hafi komið í glasið ... Mér til mikilla vonbrigða les hún skilaboðin í hljóði.

Ég man svo vel hvað ég var forvitin og hræðilega svekkt yfir því að hafa ekki fengið að heyra hvað fram kom kvöldið forðum.

Svona voru skilaboðin: ELSKU BESTA NAFNA MÍN, SKJÓÐAN HÚN LITLA SYSTIR ÞÍN SEM KÍKIR Í GEGNUM ÖLL LÍFSINS SKRÁARGÖT ER OG VERÐUR TRÚLEGA ENDALAUST SNUÐRANDI MEÐ NEFIÐ Á STÖÐUM SEM ÞÚ GETUR EKKI ÍMYNDAÐ ÞÉR. GEYMDU ÞETTA NÚ MEÐ ÞÉR VINA OG SKILAÐU HJARTANS KVEÐJUM TIL BLESSAÐRAR MÓÐUR ÞINNAR. MIKIÐ SEM HÚN ER NÚ DUGLEG MEÐ BARNAHÓPINN SINN.

Í óljósri móðu frá röku hægra heilahveli systur minnar verður mér ljóst, mér til skelfingar, að það gæti orðið flókið að finna leiðina til baka.

Aðventa MCMLXXXI

Draugar fortíðar voru farnir að skjóta upp kollinum í huga hennar oft og sterkar en áður. Þegar elsta barnabarnið hennar varð fyrir fólkskulegri árás í sumar sem leið, sem barnið til allrar hamingju lifði af, hvolfdust yfir hana minningar um árásina sem hún varð fyrir 28 ára gömul, nýfráskilin, einstæð móðir í Kaupmannahöfn.

Það var miður desember í byrjun níunda áratugarins. Börnin farin til Íslands með afa og ömmu sem höfðu millilent í Köben á leið sinni frá Spáni eða einhvers staðar frá. Hún hafði ekki getað hugsað sér að halda jóla ein með börnunum og pabbinn í næstu götu í ríðinga- og drykkjugalgleymi. Skítsama um allt.

Svikin og sorgmædd tók hún sig saman í andlitinu og fór út í desembermyrkrið þennan eftirmiðdag. Fór á gamla vertshúsið þeirra og fékk sér jólabjór. Þar sat hún ein, drakk og reykti á þessum furðulega jólaskreytta, gamaldags bar. Innréttingarnar samanstóðu af fimm til sex básum meðfram öðrum veggnum. Veggurinn alsettur stórum, gömlum og máðum speglum, þar sem saust ógreinilegar myndir af þekktum kennileitum Parísarborgar og hringinn í kringum speglana skinu marglit jólaljós. Stemningin átti að minna á heimsborgina.

Hún var nýbúin að ljúka náminu í félagsráðgjöfinni en var alveg ráðalaus þegar kom að henni sjálfri. Vildi bara drekka og gleyma. Hún hafði verið svikin. Í hennar huga hafði henni verið hent. Hún skammaðist sín ofboðslega. Kunningi hennar kom inn og settist hjá henni. Hann var alveg í rusli því kærasti hans, sem var nota bene vel liðinn félagsráðgjafi, hafði ekki viljað hafa hann með í jólefrokost af einhverjum ástæðum. Ungi maðurinn var pirraður og reiður yfir því hvað allt var vitlaust sem hann lenti alltaf í.

Þarna sátu þau svo, unga yfirgefna konan og kornungi reiði homminn og drekktu sorgum sínum lungann úr deginum, þar til hún þurfti að drífa sig að hitta vinkonu sína. Þær ætluðu að borða saman á Tunglinu en þar var hægt að fá hollan og ódýran mat. Ungi maðurinn slóst í för með henni, en vinkonan lét sig hverfa fljótlega eftir matinn, var ekki ánægð með óvænt kompaníið. Þegar hún sjálf svo vildi drífa sig heim eftir matinn, spurði hann hvort hún ætti ekki bjór heima, hann vildi spjalla lengur og drekka einn bjór í viðbót heima hjá henni. Þau settust við eldhúsbordið, þar sem húsfriðurinn hafði hríðskolfið nokkrum vikum fyrr þegar pabbi barnanna tilkynnti henni að hann ætlaði að skilja við hana. Hún opnaði tvo Tuborg. Hún var þreytt á sál og líkama, búin að drekka allt of mikið, vildi bara fara að sofa, nennti þessu ekki lengur og sagði: Klára þú bjórinn þinn í rólegheitum og skelltu svo bara í lás þegar þú ferð.

Hún sá hann ekki aftur fyrr en við réttarhöldin.

Þegar hann var spurður hvað honum hefði gengið til með árásinni, sagðist hann hafa snöggreiðst þegar hún nennti ekki lengur að tala við hann. Honum fannst hann enn og aftur niðurlægður og hafði hugsað: Sú er góð – nennir ekki að tala við mig lengur – hvað heldur hún eiginlega að hún sé? Hann hafi því ruðst inn í svefnherbergið, þar sem hún lá og svaf eins og ekkert væri sjálf-sagðara og fundist það ókurteisi og niðurlægjandi af henni, hann hafi sko ætlað að láta hana heyra það. Hann sagðist þó alls ekki hafa ætlað að gera henni mein. Það sem samt gerðist var að hann settist klovvega yfir hana og áður en hann vissi af var hann byrjaður að lemja hana í andlitið með vekjarklukku sem brotnaði og glerbrotin stungust inn í andlitið á henni. Hún hafði greinilega misst meðvitund en hann varð alveg stjórnlaus og tók hana hálstaki þar til honum virtist hún vera hætt að anda.

Hann var örmagna, kófsveittur, alblóðugur og ber að ofan – rauk út í kuldann og greip með sér svarta frakkann hennar með skinnkraganum. Fór í frakkann hennar og settist stjarfur inn á barinn sem þau höfðu hist á fyrr um daginn. Vinkonan frá Tunglinu tók eftir unga manningnum frá því fyrr um daginn, þar sem hann sat út í horni. Hún þekkti strax frakkann og spurði hvað væri að sjá hann og af hverju hann væri í frakkanum hennar. Þegar hann svaraði því engu en starði trylltu augnaráði fram fyrir sig, hringdi vinkonan á lögregluna sem braut sér leið inn í íbúðina.

Amman hefur nú sagt barnabarninu sínu að ofbeldisskömmin geti þvælst fyrir lífinu áratugum saman.

Vá

Það mætti halda að ég byggi í óbyggðum. Þar sem ég feta mig áfram í myrkrinu, í ótrúlegu myrkri og svakalega hrjóstrugum jarðvegi í miðri höfuðborginni, með tíkina mína sem ég sæi ekki nema vegna þess að hún er hvít, lít ég upp og sé Friðarsúluna. Vá, falleg er hún og skýin á himninum fyrir ofan hana sem taka svo örlát á móti ljósinu, hreinlega breiða úr því eins og dúnsæng. Hversu margir ætli njóti hennar í raun og veru eða íhugi tilgang hennar, hugsa ég, og hugur minn flakkar til þeirra mörgu vina erlendis sem dreymir um að öðlast upplifunina að bera hana augum, á meðan ég reyni að detta ekki um grjótið í kolniðamyrkrinu.

En hvernig ætli sé með Íslendinga?

Sennilega er henni mestmegnis tekið sem sjálfsögðum hlut hér, hugsa ég og lít aftur upp hvar ég sé Friðarsúluna núna stingast beint ofan í toppinn á upplýstri eldrauðri Perlunni ... Það er eitthvað rosalegt við þessa sýn ... eins og Friðarsúlan sé í samförum við Perluna. Ófyrirsjáanleg erótík þar sem hvíta og rauða ljósið mætast, renna saman í eitt, unaðurinn leynir sér ekki.

Þá flýgur hugur minn beint til Kamakhya Temple í Guwahati í Assam á Indlandi þar sem ég var beinlínis dregin inn í leg gyðjunnar Kali vorið 1999. Þar tók einhver í höndina á mér og leiddi mig í gegnum mannþröng niður mjög langan, hlykkj-óttan og þröngan stiga endalaust ofan í jörðina. Allt var eldrautt, allir veggir eldrauðir, allar gyðjur eldrauðar, eina ljósið voru einstaka olíulampatíur. Þarna voru þúsundir kvenna saman komnar til að komast inn í heilagleikann. Andrúmsloftið var þrungið af hita, svita, raka og mannaþef í samblandi við reykelsi og mikla spennu. Það var ekki laust við að ég væri örlítið hrædd; hvert var verið að fara með mig og hvernig kemst ég aftur út ef ég kemst þá út aftur yfir höfuð? Þegar leggöngunum lauk og komið var niður í legið tók við helgi-athöfn sem var ekki minna ógnvekjandi í eldrauðu myrkrinu. Algjör þögn, raki, þungt loft og yfirpyrmandi andrúmsloft. Undarlegt var þó að í þessu helga hofi frjósemi og kvenorku var karlmaður sem stjórnaði athöfninni.

Þetta er erótískasta lífsreynsla sem ég hef upplifað, verst að ég var ein á ferðalagi. Það er einhver magnaður kynngikraftur þarna sem greinilega virkar.

Vá, hvað hugurinn er sjálfstætt fyrirbæri.

Bara eitt skref

Ég anda að mér svölu loftinu. Það er kalt í kvöld og ennþá svalara hérna uppi.

- Ég get þetta. Þetta er ekki flókið, bara stíga eitt skref og síðan fer allt sjálfkrafa af stað eftir það.

Af hverju hika ég þá? Er ég kannski bara hugleysingi eftir allt saman? Ég sem hef reynt að sannfæra alla um að ég standi engum að sporði. Segir maður það? Að sporði. Ferlega undarlegt orðatiltæki ef rétt reynist. Fókus! Ég get varla hætt við núna, hef aldrei vandað mig eins mikið við förðunina og sérstaklega fatavalið þó að það verði kannski ekki til neins, en það skiptir mig máli að líta eins vel út og ég get. Ég fór meira að segja í háa hæla fyrir tilefnið. Það er óþarfi að hafa áhyggjur af sárum fótum í kvöld.

- Jæja, á ekki að fara að drífa sig?

Ég hafði ekki tekið eftir neinum hérna þegar ég kom og hafði ekki heyrt neinn koma, en ég var jú í þungum þönkum. Svo áttaði ég mig á að ég vissi hver þetta var.

- Þú?!

- Já, ég er tilbúinn. Hvað með þig?

- Ja, ég átti nú ekki von á félagsskap og mér finnst óþægilegt að gera þetta svona fyrir framan aðra.

- Ég er nú ekki hver sem er.

- Ég veit það alveg. Ég átti samt ekki von á þér strax eða ekki fyrr en eftir á, skilurðu. Þegar ég væri búin að taka skrefið.

- Nei, ég vil alls ekki missa af því.

- Þetta á nú ekki að vera neitt skemmtiatriði.

- Jú, fyrir mér er þetta toppurinn.

- Ertu ekki að grínast?

- Nei.

- Þú ert ógeð!

- Hey, engin ástæða til að vera með dónaskap. Ég þarf að reyna að njóta einhvers í vinnunni. Eru ekki allir að tala um að það eigi að vera gaman í vinnunni? Ég fór að reyna að horfa á ljósu punktana í minni og voila, í þessu er mesta spennan.

- Ég ...

- Svona drífðu þig nú, ég þarf að sinna fleirum í kvöld en þér.

- Mig langar ekkert til að vera eitthvert skemmtiatriði fyrir þig.

- Þú ætlar að taka skrefið, er það ekki?

- Ja, jú eða kannski, eða nei kannski ekki. Já, nei!

- Heyrðu, þú getur ekki farið að hætta við núna, kona góð. Hér er ég kominn ...

- Já aumingja þú, veistu mér er bara alveg sama. Ég er hætt við og þú getur bara farið í ... farið í ... frí.

- Þetta virkar ekki svona. Hér er ég kominn og þú hættir ekkert bara si svona við allt saman.

- Þú segir mér ekkert fyrir verkum!

- Taktu skrefið og hættu þessu tuði kona. Svona, drífa sig!

- Nei! Ég ætla að fara heim og takast á við þetta Covid-ástand. Ég ætla að þrauka, þrauka í gegnum einmanaleikann og atvinnuleysið, eymdina og volæðið. Ég ætla að þrauka. Þrauka! Heyrir þú það?

- Heyrn mín er með eindæmum góð þrátt fyrir augljósar ástæður. Þú ætlar bara að hætta við allt saman?

- Já og ég ætla ekki að sjá þig aftur fyrr en eftir svona 50 ár eða svo. Þá máttu koma og horfa á mig.

- Það er ekki eins.

- Nei, en þá verður minn tími kominn.

- Er ég þá virkilega kominn hingað í algerri erindisleysu?

- Já, ég tek ekki þetta skref í kvöld. Vertu sæll.

Konan rigsar í átt að stiganum, lítur á skóna sína og dæsir.

- Getur þú kannski skutlað mér niður?

- Skutlað?

- Já.

- Gleymdu því. Farðu bara úr skónum kona.

- Djöfull ertu leiðinlegur.

Hún fikrar sig niður brattann stigann í fínu skónum sínum. Eftir stendur skuggalegi maðurinn og brosir glaðhlakkalega.

- Ætli ég fái jólabónus frá Guði fyrir að nota öfuga sálfræði á konugarminn og bjarga henni frá dauða sínum? Hvers gæti ég óskað mér? Nýrrar skikkju eða ljás, já nýjan ljás, rafdrifinn!

Sóttkvíarnar

Taka úr uppþvottavélinni í átjándan sinn í dag, ganga frá öllu í skúffur og skápa til þess að taka það fram aftur fyrir næsta matartíma eftir nokkrar mínútur. Hlusta á meðan á ungan heimalestur um Palla sem var einn í heiminum. Finnast það ekki tilviljun að kennarinn hafi valið þessa bók nú þegar götur eru auðar, veitingastaðir mannlausir og við erum öll Páll. Hlusta næst á heimalestur hinna eldri um plasteyjarnar í úthöfunum. Fyllast vonleysi og sorg. Segja já við beiðni um ofurhetjulegaleik án þess að hafa til þess nokkra burði eða hæfni. Sitja stírt á gólfinu full af vanmætti með þanos í annarri og Þór þrumuguð í hinni. Fylgjast full aðdáunar með skapandi ungvíðinu búa til nýjar sögur, nýjar goðsögur sem kannski munu bjarga heiminum, þar sem Þór er kvenkyns og heimarnir renna saman og allir eru blanda af einhverju - stelpu og stráki, kolkrabba og kónguló – og nýjar leiðir verða til.

Haustlitun og plokkun

Ég mála haustið
mínum litum.

Gulnuð laufblöð

berar trjágreinar í
kólnandi vindi

einmana maður
með grátt hár og skegg

flýtir sér leiðar sinnar
í kuldalegri úlpu

himinninn er í felum

skýin þeytast eftir sínum
vindabrautum

móðir með stúlkubarn
í eftirdragi, bleikar úlpur

þeim liggur á að komast
í skólann og hlýjuna

garður með gleymdu leikfangi

ljós innan við glugga
sem er dregið fyrir

svartur köttur skýst á milli bíla
og leitar að hlýrri hönd

til að strjúka burt hrollinn
og fylla hjarta hlýju.

Morgunganga skálds
sem skrásetur lífið

og plokkar orð í ljóð.

Ég mála haustið
mínum litum.

Ekki heimsendir, en ...

Þegar bræðurnir hittust ræddu þeir heilsufar manna, tíðarfar, fallþunga dilka og önnur almælt tíðindi. Nú var annað uppi á teningnum. Glóa og tvíburunum var sagt að fara að læra fyrir morgundaginn og svo út að leika sér. Glói lagðist á stofugólfið með skólabækurnar og þóttist læra. Hann sperrti eyrun og hlustaði.

„Fidel Castro Kúbuleiðtogi, sem er ekkert annað en atvinnubyltingarmaður af landeigendastétt hefur leyft Sovétmönnum að byggja eldflaugaaðstöðu í mikilli óþökk Bandaríkjamanna. Hvorn skrambann er maðurinn að hugsa?“

Pabbi hans tók undir og sagði að nú hefðu Sovétmenn með Nikíta Krústjoff í fararbroddi gengið einum of langt og segja mætti að allt stjórnkerfi Bandaríkjanna nötraði af skelfingu og æsingi. „Heimsbyggðin rambar á barmi kjarnorkustyrjaldar. Enginn veit hvort, hvenær eða hvernig þessi ósköp enda.“

Pungt hugsuð bankaði hann ósjálfrátt með krepptum hnefa í eldhúsbörðið. Fólk bar kvíðboga í brjósti vegna atburðanna. Glói fór ekki varhluta af því frekar en aðrir. Rússagrýlan vofði yfir. Fréttir af Kúbudeilunni glumdu í útvarpinu alla daga og Tíminn gerði málinu skil.

Glói meðtók ekki kveðju frænda síns þegar hann kvaddi og fór. Gat hugsast að ljósmyndin af einhyrningnum í Tímanum væri fyrirboði um kjarnorkustyrjöld? Skólalærdómurinn næstu daga fór fyrir neðan garð og ofan. Hann fór á bókasafnið, skilaði bókum sem hann hafði lesið og fékk nýjar. Amma hans var honum skjól og hann jánkaði feginn þegar hún bað hann um að skreppa með sér kvöldstund til Kolgríms og Krístrúnar.

Drengurinn gekk rakleiðis inn í herbergi gamla mannsins sem sat við skrifpúltið sitt og hafði nýlukið við að skera skro. Bitunum raðaði hann nostursamlega í silfurtóbaksdós og setti væna sneið af tóbakinu undir vörina. Þrítugasti október 1962 blasti við á dagatali Kaupfélags Skagfirðinga sem hékk á krók fyrir ofan púltið.

„Verður nokkuð kjarnorkustyrjöld?“ spurði drengurinn varfærnislega og umbúðalaust. Hann varð að spyrja einhvern sem hann treysti en var viðbúinn því að gamli maðurinn hefði um það mörg orð í stað þess að segja já eða nei.

„Þú segir nokkuð drengur minn.“ Íhugull strauk hann kampana, hagræddi sér í stólnum og kjamsaði á tóbakstuggunni. „Það er óþarfi að hafa áhyggjur af kjarnorkustyrjöld. Fjöldi fólks beggja vegna Atlantshafsins þiggur himinhá laun fyrir að hafa áhyggjur af því hvort kjarnorkustyrjöld verður eður ei. Ekki þiggjum við tveir eina einustu krónu fyrir að hafa áhyggjur af kjarnorkustyrjöld. Til hvers að hafa áhyggjur? Það er fólk út um hvippinn og hvappinn sem sér um þá iðju.“

Hann kímði þegjandi og fylgdist með svipbrigðum drengsins sem gaf til kynna að hann vildi hlusta.

„Sjáðu nú til. Þú vilt stutta svarið sem ekki er til á þessari stundu, en málin mjakast til betri vegar. Blöðin og útvarpið segja að Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna beri klæði á vopnin og í höfuðstöðvum NATO er sagt að Kennedy forseti hafi gripið til nauðsynlegra ráðstafana með hafnbann á Kúbu. Flugvélar frá bandaríska flughernum og bandaríski sjóherinn er tilbúinn til aðgerða. Ekkert misjafnt fundu bandarísku sjóliðarnir í sovésku skipunum sem þeir skoðuðu. Mér segir svo hugur að stjórn Sovétríkjanna muni láta undan síga því tuttugu og fimm skip frá þeim sveigðu af stefnu sinni til að forðast bandaríska flotann. Það er óðs manns æði fyrir báða aðila að kynda undir þessu ófriðarbáli.“

Drengurinn kinkaði kolli skilningsríkur á svip. „Ég finn samt að eitthvað mun gerast en veit ekki hvað það er. Ef ég veit hvað gerist, þá er það enn verra.“

Gamli maðurinn var þungt hugsi og þagði, lengi. „Að fela sig á hendur hinum hæsta höfuðsmið himins og jarðar hefur verið aðferð kynslóðanna til að sigrast á viðfangsefnum daglegs lífs. Við mannfólkið þurfum leiðandi og líknandi hönd bæði í meðbyr og mótbyr. Liljur vallarins og fuglar himinsins geta verið mönnum vörður á þeirri vegferð. Að vera ljósberi er verðugt verkefni.“ Hann rétti sig upp í stólnum og breytti um tón. „Var það ekki lögreglan sem fann Olla litla, stórslasaðan uppi í Gönguskarðsárgili um daginn?“

Drengurinn kinkaði kolli með spurnarsvip.

„Já, ég hélt það, mikið lán var að leita einmitt þar. Innsæi drengur minn, innsæi til að leita og finna. Alltaf gerist eitthvað alls staðar, misfyrirsjáanlegt. Gleðin og sorgin skiptast á í veröldinni. Nýlega urðu þau gleðilegu tíðindi að barn fæddist, sem er svo sem hversdagslegur atburður, en það óvenjulega er að barnið fæddist með tvær tennur. Það sorglega er að faðirinn fórst í slysi meðan barnið var enn í móðurkviði.“

Gamli maðurinn hummaði og kjamsaði á tóbakstuggunni. Bollaglamur og kaffiilmur barst úr eldhúsinu og húsfreyjan Krístrún bauð til sætis. Áður en þeir stóðu upp og settust til borðs hélt gamli maðurinn áfram glaður í bragði. „Þú hefur heyrt og lesið um fornmennina okkar, er það ekki? Já, þú manst eftir honum Gunnari á Hlíðarenda sem stökk hæð sína í öllum herklæðum og jafn langt aftur á bak og áfram. Nú er kominn fram maður nokkur sem stekkur meira en hæð sína í íþróttafötum innan húss. Hann býr ekki á Hlíðarenda í Fljótshlíð heldur á Grettisgötu í Reykjavík og heitir ekki Gunnar heldur Jón.“

